

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. er heimilt við veiðar á úthafskarfa að klæða bæði efra og neðra byrði flotvörpu í 25 öftustu metrum vörpunnar, með styrktarneti með sömu möskvastærð og heimilt er að nota í poka.

Ákvæði 1. mgr. tekur aðeins til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á svæði utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N - 29°45'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands)
 2. 63°N - 26°V
 3. 62°N - 26°30'V
- og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi frá 62°N- 26°30'N.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. maí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfær- endur fatlaðra og sjúkra barna nr. 150/1992.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsg. sem verður 2. málsg.:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. um dvöl í heimahúsi er heimilt að greiða framfærendum barna, sem þurfa á langvarandi vistun á sjúkrahúsi og yfirsetu foreldris/framfæranda að halda vegna lífshættulegs sjúkdóms, bætur samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 79/1991 um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. maí 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.